

Beiðni um skýrslu

frá ríkisendurskoðanda um stjórn-sýsluendurskoðun á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Halldóru Mogensen, Andrési Inga Jónssyni, Höllu Signýju Kristjánsdóttur, Önnu Kolbrúnu Árnadóttur, Guðmundi Inga Kristinssyni, Hönnu Katrínu Friðriksson, Guðjóni S. Brjánssyni, Vilhjálmi Árnasyni og Ólafi Þór Gunnarssyni.

Með vísan til 17. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, er þess óskað að ríkisendurskoðandi geri stjórn-sýsluendurskoðun á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Í skýrslunni verði dregið fram hvernig Tryggingastofnun ríkisins tekst að uppfylla lög-bundið hlutverk sitt samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og í samræmi við aðrar lögbundnar skyldur.

Í skýrslunni komi m.a. fram:

1. Mat á árangri Tryggingastofnunar við framkvæmd lífeyrstrygginga almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar og framkvæmd laga um félagslega aðstoð.
2. Hvort starfsemi Tryggingastofnunar og þær verklagsreglur sem stofnunin hefur sett sér um meðferð stjórn-sýslumála sé í samræmi við sjónarmið um málefnalega og viðurkennda stjórn-sýsluhætti.
3. Hvort framlög ríkisins til stofnunarinnar tryggi með fullnægjandi hætti að hún geti sinnt því hlutverki sem henni er falið.
4. Mat á stuðningi félagsmálaráðuneytis við starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og mat á viðbrögðum ráðuneytisins við athugasemdum um meinbugi á lögum og reglugerðum sem torvelað gætu störf Tryggingastofnunar.
5. Ábendingar Ríkisendurskoðunar um til hvaða aðgerða þurfi að grípa þannig að Tryggingastofnun ríkisins megi sem best sinna lögbundnu hlutverki sínu svo að vönduð og málefnaleg stjórn-sýsla verði tryggð í starfsemi stofnunarinnar.

Ríkisendurskoðandi skili Alþingi skýrslu eigi síðar en 1. júní 2019.

Greinargerð.

Skýrslubeiðni þessi er lögð fram af átta nefndarmönnum í velferðarnefnd auk áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

Samkvæmt 6. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga felur stjórn-sýsluendurskoðun í sér mat á frammistöðu þeirra aðila sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með. Markmið stjórn-sýsluendurskoðunar er að stuðla að úrbótum þar sem einkum er horft til eftirfarandi atriða:

- a. meðferðar og nýtingar ríkisfjár,
- b. hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins,
- c. hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt.

Við mat á frammistöðu skal m.a. líta til þess hvort starfsemi sé í samræmi við fjárheimildir, þá löggjöf sem gildir um hana og góða og viðurkennda starfshætti.

Í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að öllum, sem þess þurfi, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Stjórnvöld hafa samkvæmt ákvæðinu skyldu til að tryggja í lögum aðstoð við örorku-, endurhæfingar- og ellilífeyrisþega. Lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð fela í sér nánari útfærslu á þessum stjórnarskrárvörðu réttindum. Því er afar mikilvægt að sú stofnun sem hefur það hlutverk að annast framkvæmd lífeyristrygginga almannatrygginga gæti í hvívetna að réttindum einstaklinganna, ellegar bregðist stjórnvöld stjórnarskrárbundinni skyldu sinni gagnvart almenningi. Þeir sem þiggja bætur frá Tryggingastofnun ríkisins eru oft í tekjulægstu hópum samfélagsins. Sá lífeyrir sem þeir hljóta frá Tryggingastofnun er oftast eina eða helsta uppistaðan í takmörkuðum tekjum þeirra. Reiða þessir hópar sig að miklu leyti á greiðslur Tryggingastofnunar til lífsviðurværis og því afar mikilvægt að staða þeirra í samskiptum við stofnunina sé trygg og réttindi þeirra virt í hvívetna.

Undanfarið hefur nokkuð verið rætt um skerðingar lífeyrisgreiðslna. Réttindi örorku- og ellilífeyrisþega byggjast á flóknum reiknireglum laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð. Þegar ákvarðanir um veigamikil réttindi eru teknar á grundvelli reglna sem fyrst og fremst er á færi sérfræðinga að túlka er nauðsynlegt að gegnsæi sé tryggt og góðir og viðurkenndir stjórnsýsluhættir viðhafðir. Sérstaklega er nauðsynlegt að vönduð stjórnsýsla sé viðhöfð við meðferð mála þegar íþyngjandi ákvarðanir um skerðingu lífeyrisréttinda eru teknar. Í því sambandi er jafnframt nauðsynlegt að þau lög sem um stofnunina gilda tryggi að ákvarðanir um skerðingu réttinda verði ekki teknar nema fyrir þeim sé viðhlítandi lagaheimild. Sem dæmi um bresti í málsmeðferð Tryggingastofnunar má nefna þær skerðingar sem um þúsund manns hafa orðið fyrir vegna túlkunar stofnunarinnar á 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Hafa einstaklingar sem búið hafa erlendis, en innan EES-svæðisins, orðið fyrir skerðingum á rétti sínum til örorkulífeyris á grundvelli beitingar ákvæðanna. Umboðsmaður Alþingis komst að því að slíkt væri rangt í áliti í máli nr. 8955/2016. Þannig hefur Tryggingastofnun ríkisins skert lífeyrisgreiðslur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega í um áratug án lagaheimildar. Mikilvægt er við slíkar aðstæður að kanna hvort réttindi lífeyrisþega séu tryggð að fullu í samskiptum þeirra við stofnunina.